

## REGLUGERÐ

### um bann við línuveiðum í norðanverðum Faxaflóa.

#### 1. gr.

Frá og með 25. janúar 1997 til og með 15. mars 1997 eru allar línuveiðar bannaðar í norðanverðum Faxaflóa á svæði sem afmarkast af línun milli eftirgreindra punkta og strandlengjunnar við svæðið:

- |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| 1. 64°43,7'N - 23°48,2'V | 6. 64°35,0'N - 22°52,0'V |
| 2. 64°42,0'N - 23°48,0'V | 7. 64°37,0'N - 22°44,0'V |
| 3. 64°39,0'N - 22°57,0'V | 8. Þormóðssker           |
| 4. 64°31,0'N - 23°04,0'V | 9. 64°27,6'N - 22°11,3'V |
| 5. 64°30,0'N - 22°57,0'V |                          |

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*